

SKÓLASKRIFSTOFA
HAFNARFJARÐARStrandgötu 31
220 Hafnarfjörður

Opin mán.-fös. kl. 8-16.

Sími: 585 5800.

skolaskr@hafnarfjordur.is

RITSTJÓRN - SKRIF

Vigfús Hallgrímsson
þróunarfulltrúi grunnskóla
vigfus@hafnarfjordur.is

MARKMIÐ ÚTGÁFU

Að miðla upplýsingum til starfsfólks í grunnskólum Hafnarfjarðar, foreldra og annarra um skólamáli í Firðinum og skólaþróun. Þeir sem vilja koma upplýsingum í blaðið eru beðnir að senda tölvupóst á vigfus@hafnarfjordur.is. Þá eru vel þegnar ábendingar um það sem betur má fara.

DREIFING

Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólks skóla í grunnskólum Hafnarfjarðar, fulltrúa foreldra o.fl. Stefnt er að vikulegri útgáfu (með leyfilegum forföllum) á starfstíma skóla. Útgáfudagar eru föstudagar. Blaðið er 2 síður í A-4 stærð.

GRUNNSKÓLAR
HAFNARFJARÐAR

Í Hafnarfirði eru starfandi níu grunnskólar. Skólarnir eru:

- Áslandsskóli.
www.aslandsskoli.is
- Engidalsskóli.
www.engidalsskoli.is
- Hraunvallaskóli.
www.hraunvallaskoli.is
- Hvaleyrarskóli.
www.hvaleyrarskoli.is
- Lækjarskóli.
www.laekjarskoli.is
- Setbergsskóli.
www.setbergsskoli.is
- Víðistaðaskóli.
www.vidistadaskoli.is
- Öldutúnsskóli.
www.öldutunsskoli.is
- Barnaskóli Hjallastefnunnar
www.hjalli.is/bsk7610

SKÓLASKRIFSTOFA
HAFNARFJARÐAR

Skólavefritið

6. ÁRGANGUR, 28. TBL.

9. APRÍL 2010

Lækjarskóli í úrslitum Skólahreysti 2010

Lækjarskóli komst í úrslit Skólahreysti 2010 þegar skólinn tók þátt 10. riðli keppinnar þann 18. mars sl. í Smáranum í Kópavogi og komst áfram sem upp-bótarskóli. Raunar varð Öldutúnsskóli jafn Lækjarskóla en Lækjarskóla komst áfram fyrir að vinna fleiri greinar. Í riðlinum kepptu skólarnir í Hafnarfirði og á Suðurnesjum en sigurveg-arinn í riðlinum, Heiðarskóli, er jafnframt handhafi skólahreystibikarins 2009.

Annars voru úrslitin á þennan veg:

Skóli	Stig
Heiðarskóli	70,5
Lækjarskóli	67,01
Öldutúnsskóli	67,0
Holtaskóli	65,0
Hvaleyrarskóli	64,5
Stóru-Vogaskóli	48,5
Njarðvíkurskóli	48,0
Hraunvallarskóli	46,0
Áslandsskóli	44,0
Setbergsskóli	41,5
Víðistaðaskóli	36,5
Grunnskóli Grindavíkur	36,0
Gerðaskóli	33,5
Myllubakkaskóli	31,5
Akurskóli	20,5

Úrslit í Skólahreysti 2010 fara fram í beinni útsendingu í Ríkissjónvarpinu fimmtudagskvöldið 29. apríl. Þátturinn sem skólar í Hafnarfirði kepptu í verður sýndur 20. apríl í Ríkissjónvarpinu.

Hér til hliðar eru myndir frá keppnini í Smáranum.



VERKEFNISVEFSLÓÐ: <http://www.skolahreysti.is>



FRÉTTIR

Tilkynningar og fréttaskot um það sem er á döfni

» Á vegum Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar er í undirbúningi málþing um málefni 5 ára nemenda sem stefnt er á að halda þriðjudaginn 4. maí, eftir hádegi. Dagskráin verður kynnt nánar í **Skólavefritinu** er nær dregur.

» Frá **Námsgagnastofnun**: Fimmtudaginn 15. apríl kl. 9-16 verður haldið dagsnámskeið um **Kompás** sem er handbók um mannréttindafræðslu til að nota með ungu fólki (einnig til í vefútgáfu á þessari vefslóð: <http://www.nams.is/kompas/index.html>). Fjallað verður um efnistöð og innihald handbókarinnar, rætt um leiðir til að nýta hana í kennslu auk þess sem þátttakendur fá tækifæri til þess að kynna völdum viðfangsefnum af eigin raun. Kennari er Aldís Ingvadóttir hjá Námsgagnastofnun og er aðgangur á námskeiðið kr. 1.500. Síðasti skráningardagur er í dag á netfangið ellen@nams.is. Á vef Námsgagnastofnunar er sér hluti sem nefnist **Í dagsins önn** en þar hafa nýlega verið kynntar upplýsingar um eldgosíð á Fimmvörðuhálsi. Vefslóðin á efnið er: <http://www.nams.is/i-dagsins-onn/nr/1916>.

» Myndirnar hér til vinstri eru frá söngleikum *Fjárjóðurinn* sem 3. bekkingar í grunnskólum Hafnarfjarðar sýndu í Viðistaðaskóla fyrir páska og var kynnt í síðasta blaði **Skólavefritsins**.



Áhugaverð ráðstefna fyrir kennara

Félag um starfendarannsóknir og Samtök áhugafólks um skólaþróun efna til ráðstefnu um starfendarannsóknir í Verzlunarskóla Íslands, 16. apríl 2010. Ráðstefnan hefur hlotið heitið **AÐ VAXA Í STARFI!**

Dagskrá

Kl. 14:00 *Setning ráðstefnustjóra* : Þorkell Diego, yfirkennari Verzlunarskóla Íslands.

Kl. 14:05 *Hvað eru starfendarannsóknir?* Hafþór Guðjónsson, dósent við menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Kl. 14:20 Samfélag *jafningja*: Svava Björg Mörk leikskólastjóri Bjarma.

Kl. 14:40 *Spinnum þráðinn saman, foreldrar og kennarar*: Erna Ingvarsdóttir, deildarstjóri, Grunnskólinn í Hveragerði.

Kl. 15:00 „*Það er ekki röddin sem svarar, það er bara fingrasetningin*“: Ívar Rafn Jónsson, sálfræðikennari, Borgarholtsskóla.

Kl. 15:20 *Heyrandi íslenskukennari í leit að lestrar- og ritunarauðlindum heyrnarlausra nemenda*: Karen Rut Gísladóttir, dokt.



Símenntun

orsnemi við menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Kl. 15:40 Kaffihlé.

Kl. 15:50 Umræður í hópum.

Kl. 16:40 Ráðstefnulok.

Kl. 16:40 Aðalfundur Félags um starfendarannsóknir.

Skráning fer fram á vef Samtaka áhugafólks um skólaþróun og er aðgangur á ráðstefnuna ókeypis.

Áhugavert fyrir kennara.

VEFSLÓÐ: <http://www.skolathroun.is/?id=266>

Námskeiðahaldið í næstu viku

Mánudagur 12. apríl:

- Námskeið 608, **Gildi hreyfingar í skólastarfi**, á Skólaskrifstofunni, 2. hæð, kl. 15-17. Enn er hægt að skrá sig.

Miðvikudagur 14. apríl:

- Námskeið 610, **Matreiðsla á grænmetisfæði**, í Hótel- og veitingaskólanum í Kópavogi (MK) kl. 16.30-21. **FULLT**.



Vefhornið

Tilkynning vikunnar

Athugið að enn er hægt að skrá sig á námskeið 608, **Gildi hreyfingar í skólastarfi**, sem verður haldið á mánudaginn á Skólaskrifstofunni (sjá hér til hliðar).

Næsta blað **Skólavefritsins** er væntanlegt föstudaginn 16. apríl 2010



VEFSLÓÐ: http://www.hafnarfjordur.is/hafnarfjordur/stjornsysla/fraedslusvid/skolaskrifstofa/fraedslustarfsemi_skolaskrifstofu/